

3. stjórnarfundur haldinn 3. sept. 2009 kl. 10:30

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastjóri: Helgi Gestsson (HG), Arnheiður Eypórsdóttir (AE), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Páll Björnsson (PB), Finnur Friðriksson (FF), Kjartan Ólafsson (KÓ) og Hjördís Sigursteinsdóttir (HS). HS, FF og KG boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Umræður um kjaramál
HG dreifði ljósritum af gögnum, einkum frá BHM, og sagði frá fundum sem hann hafði sótt hjá bandalaginu í Reykjavík. Samþykkt að athuga möguleika á því að nota fjarfundabúnað til að taka þátt í fundum BHM í borginni. Rætt um samstarf og samvinnu við Félag háskólaakennara við HÍ og Félag prófessora við ríkisháskóla. Ákveðið að fela HG að reyna að koma á sameiginlegum fundi með stjórnnum félaganna þriggja, t.d. um mánaðarmótin okt./nóv.
2. Samstarfsnefnd: vinnumatssjóður
HG sagði frá kærnum tveggja félagsmanna á hálfu starfi vegna Vinnumatssjóðs. Rætt almennt um reglur sjóðsins frá janúar 2008 sem settar voru án samráðs við félagið.
3. Trúnaðarmenn
Eftirfarandi voru tilnefndir og samþykktir sem trúnaðarmenn félagsins: Guðmundur Óskarsson (Borgir), Hermína Gunnþórsdóttir (Þingvallastræti) og Daníel Freyr Jónsson (Sólborg). Eftir er að leita eftir staðfestingu hjá Daníel Frey.
4. Skýrsla um rannsóknarmissemi
Rætt um skýrsluna almennt og ýmsar athugasemdir gerðar við hana. Samþykkt að fela HG að ræða við RHA um lagfæringar á henni.
5. Samráð um niðurskurð
HG kynnti bréf frá félaginu til rektors HA um samráð við félagið í boðuðu niðurskurðarferli. Almennt rætt um stöðuna í HA.
6. Ákvörðun um félagsfund
Samþykkt að halda félagsfund með rektor HA um stöðu mála og boða einnig til hans fulltrúa kennara í háskólaráði.
7. Ákvörðun um fasta fundartíma stjórnar
Samþykkt að halda stjórnarfundi á fimmtudögum kl. 10:15.
8. Beiðni um fjárstyrk í haustferð starfsfólks HA
Samþykkt að styrkja haustferðina um sem nemur kostnaðinum við leigu á rútum.
9. Önnur mál

Fundi slitið kl. 12:00

Fundargerð ritaði Páll Björnsson